

BORGARRÁÐ 7. september 2017: Breytt tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úthlutun lóðar í Suður-Mjódd til félags eldri borgara - R17060227

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til að Félagi eldri borgara verði úthlutað lóð undir fjölbýlishús í Suðri-Mjódd til viðbótar þeim tveimur lóðum sem félaginu hefur nú þegar verið úthlutað á svæðinu. Skal í þessu sambandi litið til reits norðvestanmegin á svæðinu sem merktur er C1 á deiliskipulagsupprætti. Mikil spurn er eftir íbúðum félagsins og ljóst að það þarf á fleiri lóðum að halda til að geta svarað henni. Margvíslegt hagræði verður af því að úthluta félaginu slíkri viðbótarlóð sem næst öðrum lóðum er félagið hefur nú þegar fengið til uppbyggingar í Mjóddinni. Ljóst er t.d. að hagkvæmt er að koma slíkri viðbótarlóð fyrir sem næst þjónustumiðstöð velferðarsviðs að Árskógum 4 sem veitir eldri borgurum mikilvæga þjónustu.



Borgarráð

Umsögn - Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úthlutun lóða í Suður-Mjódd til félags eldri borgara.

„Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til að Félag eldri borgara verði úthlutað lóð undir fjölbýlishús í Syðri-Mjódd til viðbótar þeim tveimur lóðum sem félaginu hefur nú þegar verið úthlutað á svæðinu. Mikil spurn er eftir íbúðum félagsins og ljóst að það þarf á fleiri lóðum að halda til að geta svarað henni. Margvíslegt hagræði verður af því að úthluta félaginu slíkri viðbótarlóð sem næst öðrum lóðum er félagið hefur nú þegar fengið til uppbyggingar í Mjóddinni. Ljóst er t.d. að hagkvæmt er að koma slíkri viðbótarlóð fyrir sem næst þjónustumiðstöð velferðarsviðs að Árskógum 4 sem veitir eldri borgurum mikilvæga þjónustu“

Á nýju deiliskipulagi Suður Mjóddar eru fjórar fjölbýlishúsalóðir. Árskógar 1 - 3 sem var úthlutað til Félags eldri borgara og Árskógar 5 – 7 sem var úthlutað til Búseta. Lóðin Árskógar 5 -7, sem að tillagan tekur væntanlega til, er því ekki lengur á forræði Reykjavíkurborgar. Í ljósi þessa er ekki mælt með því að þessir samningar verði teknir upp við Búseta með það að markmiði að endurúthluta Félagi eldri borgara lóðinni. Skrifstofan mun áfram vinna með Félagi eldri borgara að því að finna hentugar lóðir til uppbyggingar.

Virðingarfyllt

Hrólfur Jónsson



mánudagur, 5. febrúar 2018

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Tilvísun í mál R17060227 þar sem óskað er eftir umsögn umhverfis- og skipulagssvið um neðangreinda tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úthlutun lóðar í Suður Mjódd

BORGARRÁÐ 7. september 2017: Breytt tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úthlutun lóðar í Suður-Mjódd til félags eldri borgara - R17060227

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til að Félagi eldri borgara verði úthlutað lóð undir fjölbýlishús í Syðri-Mjódd til viðbótar þeim tveimur lóðum sem félaginu hefur nú þegar verið úthlutað á svæðinu. Skal í þessu sambandi litið til reits norðvestanmegin á svæðinu sem merktur er C1 á deiliskipulagsupprætti. Mikil spurn er eftir íbúðum félagsins og ljóst að það þarf á fleiri lóðum að halda til að geta svarað henni. Margvíslegt hagræði verður af því að úthluta félaginu slíkri viðbótarlóð sem næst öðrum lóðum er félagið hefur nú þegar fengið til uppbyggingar í Mjóddinni. Ljóst er t.d. að hagkvæmt er að koma slíkri viðbótarlóð fyrir sem næst þjónustumiðstöð velferðarsviðs að Árskógum 4 sem veitir eldri borgurum mikilvæga þjónustu.

Umsögn:

Í nýlegri breytingu á deiliskipulagi fyrir Suður Mjódd sem var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 12.01 sl. var m.a. samþykkt að fjölga íbúðum um 36 við Árskóga 1-3 og 5-7. Þannig að á lóð Árskóga 1-3 er nú heimild fyrir allt að 68 íbúðum, en á lóð Árskóga 5-7 er heimild fyrir allt að 72 íbúðum – alls 140 íbúðir. Lóð nr. 1-3 hefur verið úthlutað til Félags Eldri Borgara (FEB) en lóð nr. 5-7 hefur verið úthlutað til Búseta. Framkvæmdir eru hafnar á lóð FEB.

Í deiliskipulagsbreytingunni var reit/lóð C1 skipt upp í fjórar verslunar- og þjónustulóðir og dregið úr hæð og byggingarmagni. Umræddar lóðir liggja samsíða Álfabakka og eru skilgreindar sem miðsvæði í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Hugmyndin að uppbygging á umræddum lóðum á reit C1 hefur jafnframt ávallt verið sú að mynda ákveðna hljóðskermun gagnvart Reykjanesbraut og bæta þannig hljóðvist á ípróttasvæði ÍR. Þrátt fyrir að umræddar lóðir falli undir skilgreiningu miðsvæðis sem gerir almennt ráð fyrir heimild fyrir íbúðir þá er hljóðvist ein aðalhindrunin í því að það geti talist æskilegt á umræddum lóðum svo nálægt Reykjanesbraut. Beðist er velvirðingar á þeim drætti sem orðið hefur á að svara erindinu.

Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi